

Nd.

339. Frumvarp til laga

[192. mál]

um breyting á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968.

Flm.: Ellert B. Schram, Stefán Gunnlaugsson, Bjarni Guðnason,  
Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, á þessa leið:

Þegar seld eru prestssetur í þéttbýli, sem ekki eru í eigu ríkissjóðs, skal andvirði þeirra renna óskert í sérstakan sjóð, sem notaður skal til að veita þeim söfnuðum styrk, er sjálfir vilja tryggja sóknarpresti sínum húsnæði, enda verði það í eigu safnaðarins. Sjóðurinn skal vera í vörslu fjármálaráðuneytisins, en að öðru leyti skal kveðið nánar á um meðferð hans í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Um aldir hefur það þótt sjálfsagt, að prestur nyti þess, að hið opinbera sæi honum fyrir jörð til ábúðar og/eða íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 27/1968 var samþykkt breyting á þessu fyrirkomulagi á þann veg, að í þéttbýli skyldi prestssetur selt, er prestur sá léti af störfum, sem þar hefði búið. Þótti þó sjálfsagt, að í strjálbýli og minni bæjum ætti ríkið áfram prestssetur.

Ekki skal farið út í það hér að rekja ástæður fyrir þessari breytingu né heldur gagnrýna hana. Aftur á móti skal bent á það mikla óhagræði, sem það er söfnuðum, að ekki skuli vera húsnæði, sem prestur þeirra nýtur, sem næst sóknarbornunum. Prestssetrið hefur ævinlega gegnt miklu viðtækara hlutverki en því einu að vera íbúð prests og fjölskyldu hans. Þar hittist fólk, oft stórir hópar, bæði á stundum gleði of sorgar, svo og til ýmissa funda. Sömuleiðis er óhjákvæmilegt, að prestar inni ýmis þjónustustörf af hendi á heimili sínu. Á þetta líka við, þar sem kirkjur hafa risið, því að ekki eru allar kirkjur þannig, að auðvelt sé um fundarhald, auk þess sem skrifstofuaðstaða er óvíska. En þar sem kirkjur eru engar, má segja, að prestssetrið sé allsherjarmiðstöð safnaðarins. Er því nauðsynlegt þar fyrir söfnuðinn, að prestur búi þannig, að rými sé nægjanlegt fyrir alla þá, sem þangað leita, og fer þá ekki eftir sérstökum auglýstum viðtalstíma.

Nú þekkja flestir, hvernig er fyrir mann, sem er að hefja prestsstarf, að eignast það húsnæði, sem slíkum kröfum fullnægir. Hefur því verið erfitt fyrir presta og söfnuði, síðan lögina frá 1968 tóku gildi, að fullnægja þessum þörfum.

Frumvarp þetta miðar að því að koma að einhverju leyti til móts við þessi vandamál safnaðanna, án þess að til þess sé varið öðru en því, sem þegar getur talist tilheyra hinu kirkjulega starfi. Í stað þess, að andvirði núverandi prestssetra í þéttbýlinu renni beint í ríkissjóð, miðar frumvarpið að því, að það fé renni í sérstakan sjóð, sem veiti styrki, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða né heldur mörg prestssetur.

Benda má á, að prestar bæði í Reykjavíkúrprófastsdæmi og raunar víðar hafa sent frá sér ályktanir um þetta efni og hafa raunar óskað eftir, að mál þetta yrði tekið til meðferðar á Alþingi.